

## AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 140. löggjafarþings, frá 19. júní 2012 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 11. september 2012.

*Gjört á Bessastöðum, 18. júní 2012.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jóhanna Sigurðardóttir.*“

Alþingi samþykkti hinn 19. júní 2012 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 140. löggjafarþings, frestað hinn 19. júní 2012.

*Forsætisráðuneytinu, 20. júní 2012.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Arnljótsdóttir.*